



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

**Samvinna Hjónin Ármann og Bjarnveig Jónsdóttir og Helgi sonur þeirra við færibandið með nýjar kartöflur.**

# Góð spretta síðsum- ars eftir rigningavor

● **Annir og uppskera hjá kartöflubændum í Þykkvabæ**

Sigurður Bogi Sævarsson  
sbs@mbl.is

Uppskerutíðin er hafin á Suðurlandi. Annir eru og langur vinnudagur hjá búandfólki og nú þarf að ná feng sumarsins í hús. Fólk er líka yfirleitt sátt við útkomuna. Vel hafi ræst úr öllu og gróskan verið mikil þegar leið á sumarið, eftir kulda og þrálátt votviðri í maí og júní. „Sprettan hefur verið mikil og góð nú á síðari hluta sumars og engu er líkara en slíkt sé endurgreiðsla frá veðurguðunum fyrir rigningarnar í vor;“ segir Ármann Ólafsson kartöflubóndi í Vesturholtum í Þykkvabæ.

## Tólf bændur stunda ræktun

Þykkvibær í Rangárbíngi ytra er helsta kartöfluræktarsvæði landsins. Alls stunda tólf bændur þar í sveit slíka ræktun og umsvif sumra þeirra eru mikil. Ármann í Vesturholtum er með ræktun á alls 46 hekturum. Pennan búskap stundar hann með Bjarnveigu Jónsdóttur konu sinni og sonum þeirra tveimur, Helga og Birki.

„Strákarnir eru orðnir bændur hér í sveit, hvor með sína jörðina, en ræktun hér í Vesturholtum er samvinnuverkefni okkar. Við byrjuðum að taka upp hinn 15. júlí, það er kartöflur sem voru undir plastdúk. Þetta var mjög óverulegt magn en dugði til þess að búðirnar fengju nýjar kartöflur eins og alltaf er kallað eftir. Svo má segja að síðan í júlí höfum við tekið upp eitthvað af kartöflum flesta daga vikunnar;“ segir Ármann. „Enn hefur ekki komið næturfrostr og sprettan heldur áfram. Núna erum við raunar byrjuð að slá grósin í görðunum, sem bæði er ætlað að draga úr sprettu og styrkja kartöflurnar betur til geymslu.“



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

**Bústörf Dráttarvél með upptökuvél er ekið eftir akri. Vesturholtabændur eru með alls 42 hektara svæði.**

Kartöflugarðarnir í Vesturholti eru skammt fyrir ofan byggðina þar. Þar ekur Ármann dráttarvél hverja ferðina eftir aðra um garðana með upptökuvél. Sú tekur upp úr moldinni kartöflurnar sem renna í gegn á færbandi og rúlla ofan í stóra sekki. Þeir þokar eru svo hífðir af vélinni yfir á flatvagn og ekið í geymslu.

## Ragað og flokkað

„Við erum að raga í kartöflum og flokka allan veturinn. Þetta er heimikið stúss en þetta starf er miklu auðveldara en var. Áður þurfti hóp fólks á upptökuvélarnar, sem nú eru orðnar mjög fullkomnar svo þar þarf ekki nema einn eða tvo í áhöfn;“ segir Ármann, sem verið hefur kartöflubóndi í 53 ár.



# Verður versluninni á Hellu lokað?

Óvissa er um framtíð einu matvöruverslunarinnar á Hellu.

Guðrún Elín Pálsdóttir, formaður Verkalýðsfélags Suðurlands, mætti á síðasta fund byggðarráðs Rangárþings ytra til að ræða um þróun á matvælavarði í versluninni á Hellu, sem er Kjörbúðin, eftir ákvörðun Samkeppniseftirlitsins að krefja Festi hf. um sölu á verslun sinni á Hellu.

„Íbúar kvarta mikið undan háu vöruverði í einu matvöruversluninni á Hellu. Þar var áður Kjarvalsbúð en þeim var gert að láta eftir reksturinn á Hellu þegar Festi keypti N1 en var þá með rekstur bæði á Krónunni og N1 á Hvolsvelli.

Samkeppniseftirlitið setti þá skilmála að Festi mætti ekki líka reka matvöruverslun á Hellu heldur þyrfti annan aðila til að tryggja samkeppni. Nú er samkeppni engin þar sem vöruverð er frekar hátt á Hellu nema á grunnvörunni.



Kjörbúðin á Hellu.

Mynd / MHH

Íbúar fara því að mestu annað til að versla, “ segir Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, formaður byggðarráðs.

„Það hefur ekkert verið rætt um lokun verslunarinnar en við teljum þetta vera forsendubrest og viljum því fá fund með Samkeppniseftirlitinu til að ræða stöðuna,“ segir Margrét Harpa þegar hún er spurð um mögulega lokun.

/MHH





um krúttið hann Bangsímón og Hugleikur Reykjavíkurborgar setur upp verkið Jólævintýri sem mikið verður beðið eftir.

Að lokum hefur lítill fugl svo hvíslað því að okkur að Leikfélag Kópavogs sé með ýmislegt á þrjónunum og einnig að eitthvert ofangreindra leikfélaga eigi stórafmæli á árinu!



Jón Sigurðsson og Margrét Einarsdóttir, formaður Leikfélags Rangæinga, taka hér við úthlutun Menningarsjóðs Rangárþings ytra. Mynd / Aðsend.

Rangárþing ytra:

## Fyrsta úthlutun úr Menningarsjóði

Menningarsjóður Rangárþings ytra var stofnaður nú fyrr á árinu, en markmið hans er að styrkja og efla menningarstarf sveitarfélagsins. Er styrkjum úthlutað tvisvar yfir árið, í júní svo og í nóvember. Eru ekki veittir styrkir til rekstrar, stofnana eða endurbóta heldur einstakra verkefna og er upphæð ákvörðunar áætluð með tilliti til fjárhagsáætlunar hvers árs.

Um helgina nú 11.–13. ágúst síðastliðinn héldu Rangæingar sína árlegu bæjarhátíð, Töðugjöldin, og við það tilefni fór í fyrsta skipti fram úthlutun úr menningarsjóðnum. Var það Leikfélag Rangæinga sem fengu alls 250 þúsund krónur og má nærri geta að sú upphæð gagnist þeim vel, enda á pallborðinu að setja upp leikrit nú í vetur. Bændablaðið óskar þeim hjartanlega til hamingju með viðurkenninguna.



Morgunblaðið, 16.09.2023, síðu 17.  
grein stærð: 90.67 sm<sup>2</sup>  
grein hæð: 17.85 sm

# Skipaður forstöðumaður Lands og skóga



Ágúst Sigurðsson

Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra hefur ákveðið að skipa Ágúst Sigurðsson forstöðumann Lands og skógar, nýrrar stofnunar sem verður til við sameiningu Landgræðslunnar og Skógræktarinnar.

Ágúst hlaut doktorsgráðu í erfðafræði frá sænska Landbúnaðarháskólanum í Uppsöllum árið 1996 og útskrifaðist með B.Sc.-gráðu frá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri árið 1989.

Ágúst var sveitarstjóri Rangárbings ytra frá árinu 2014 til 2022 og var rektor Landbúnaðarháskóla Íslands frá árinu 2004 til 2014 þar sem hann stýrði m.a. sameiningu Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Garðyrkjuskóla ríkisins. Þá starfaði Ágúst sem landsráðsnautur í búfjárfærðafræði og hrossarækt hjá Bændasamtökum Íslands frá árinu 1996 til 2004.

Ágúst hefur setið í stjórnnum, ráðum, nefndum og hópum tengdum meðal annars landbúnaði, landgræðslu, hrossarækt og háskólamálum. Hann hefur ritað fjölda vísindagreina í alþjóðlegum ritrýndum vísinda- og ráðstefnuritum ásamt greinum í fagtimarit og blöð.

Land og skógur tekur formlega til starfa 1. janúar 2024. Embætti forstöðumanns var auglýst í júní síðastliðnum og sóttu níu um embættið. Hæfnisnefnd var ráðherra til ráðgjafar við mat á umsækjendum.





# Frestun vegna kæru setur framkvæmdir í uppnám

● Bílastæðin í Landmannalaugum í bið ● Óeðlileg áhrif þrýstihópa, segir oddviti

Sigurður Bogi Sævarsson  
sbs@mbl.is

„Auðvitað er súrt að ekki sé hægt að hefjast handa, því skipulagsmálin af hálfu sveitarfélags eru frágengin og fjármagn til staðar til þess að byrja. Við rekumst alls staðar á vegg,“



Eggert Valur Guðmundsson

segir Eggert Valur Guðmundsson oddviti Rangárþings ytra. Samþykkt var á vettvangi sveitarstjórnar Rangárþings ytra á dögnum framkvæmdaleyfi fyrir bílastæði við svonefnda

Námskvísl sem er skammt áður en komið er að Landmannalaugum sjálfum. Þar er fyrir stæði, alls 3.000 fermetrar, sem stendur til að stækka verulega. Nú eru þau áform komin í biðstöðu.

## Stæðin létti á umferð og álagi

Framkvæmdir við stækkun bílastæðanna þykja, að sögn oddvítans, nauðsynlegar, því ferðamönnum sem koma á svæðið fer mjög fjölgandi. Því er nauðsynlegt að létta umferð og álagi af svæðinu við jadar Laugahrauns; hvar eru meðal annars skálar Ferðafélags Íslands, náttúruleigin vinsæla og upphafspunktur gönguferða um Laugaveg suður í Þórsmörk; leið sem þúsundir þramma á hverju ári.

„Skipulagsmál fyrir Landmannalaugar hafa verið mörg ár í vinnslu. Þetta hefur unnist mjög hægt því náttúran á þessum slóðum er viðkvæm og uppi eru sterkar skoðanir um hvernig haga skuli útfærslu framkvæmda,“ segir Eggert Valur.

„Því hefur, líkt og vera ber, verið haft samráð við fjölda aðila svo sem Umhverfisstofnun, Ferðafélag Íslands og forsætisráðuneytið, enda er þetta svæði þjóðlenda og í opinberri umsjón Umhverfisstofnunar. Meðal fulltrúa



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

**Landmannalaugar** Fremst á þessari mynd sjást skálabyggingar og ýmis þjónustuhús Ferðafélags Íslands. Bílastæðin sem til stendur að stækka eru undir fjallshlíð, það er efst hægra megin á þessari mynd.

þessara aðila var góður samhljómur um hvað gera skyldi í þessum fyrsta áfanga framkvæmda við Landmannalaugar. Því kom okkur mjög á óvart að forsætisráðherra skyldi í fréttum um helgina lýsa yfir að bíða skyldi með framkvæmdir, vegna þeirrar einu kæru á leyfisveitingu sem borist hefur. Þetta setur málið í uppnám því okkur var í mun að hefjast handa nú á haustdögum; áður en fer að snjóá.“

## Mikilvægt að byrja í haust

Samtökin Náttúrugrið kærðu útgáfu framkvæmdaleyfisins og fer málið nú til umfjöllunar úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Eggert

Valur reiknar með að málsmeðferðin þar taki að minnsta kosti einhverjar vikur sem setji málið í uppnám. Af hálfu Rangárþings hafi verið talið mikilvægt að hefjast handa nú á haustdögum eða áður en vetur gengur í garð. Einmitt núna er svigrúm enda fámenn á fjöllum, borið saman við sumardaga þegar þúsundir koma í Landmannalaugar á degi hverjum.

## Best að hætta þessu brölti

„Rangárþing ytra hefur sem sveitarfélag skipulagsvaldið í Landmannalaugum með höndum, en það er sennilega það eina sem ekki eru skiptar skoðanir um. Okkur er í mun

að þarna sé staðið vel að málum og við höfum til umráða m.a. 40 millj. kr. framlag frá Framkvæmdasjóði ferðamannaáða til framkvæmda í haust. En svo virðist að fátt ef nokkuð megi gera og þarna geta þrýstihópar haft óeðlilega mikil áhrif að mínu mati. Þá er líka umhugsunarverð staða að ríkið, í þessu tilviki forsætisráðuneytið, samþykki ekki framkvæmdaleyfið og hafði þó verið virkur þátttakandi á undirbúningstíma. Því hlýtur að vera umhugsunarefni fyrir sveitarstjórn að hætta öllu þessu brölti, því með slíku mætti spara sveitarsjóði umtalsverða peninga og vinnu,“ segir Eggert Valur Guðmundsson.



Land og Skógur:

# Ágúst verður forstöðumaður

Ágúst Sigurðsson hefur verið skipaður forstöðumaður Lands og skógar, nýrrar stofnunar sem verður til við sameiningu Landgræðslunnar og Skógræktarinnar.

Í tilkynningu frá matvælaráðuneytinu segir að Ágúst hafi verið sveitarstjóri Rangárþings ytra frá árinu 2014 til 2022 og rektor við Landbúnaðarháskóla Íslands frá 2004 til 2014, þar sem hann stýrði m.a. sameiningu Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Garðyrkjuskóla ríkisins. Þá starfaði Ágúst sem landsráðsmaður í búfjárerfðafræði og hrossarækt hjá Bændasamtökum Íslands frá árinu 1996 til 2004. Ágúst hefur setið í stjórnnum, ráðum, nefndum og hópum tengdum meðal annars landbúnaði, landgræðslu, hrossarækt og háskólamállum. Hann



Ágúst Sigurðsson. Mynd / Aðsend

hefur ritað fjölda vísindagreina í alþjóðlegum ritrýndum vísinda- og ráðstefnuritum ásamt greinum í fagtimarit og blöð.

Land og skógur tekur formlega til starfa 1. janúar 2024. /sá





# Best að hætta þessu brölti

Morgunblaðið birti viðtal við oddvita Rangárþings ytra, Eggert Val Guðmundsson, 19. september sl. Viðtalið var vegna þess að forsætisráðuneytið stöðvaði framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar Rangárþings ytra um stækkun bílastæðis í Landmanna­laugum. Fyrirsögn: „Frestun vegna kæru setur framkvæmdir í uppnám“.

Þetta er athyglisverð umfjöllun um þetta málefni, sem vert er að gefa gaum. Eggert Valur segir meðal annars: „Við rekumst alls staðar á vegg, þrýstihópar hafa óeðlilega mikil áhrif,“ og klykkir svo út með að segja: „Best að hætta þessu brölti og spara sveitarfélaginu 40 milljónir.“

Ef við skoðum fyrst yfirlýsinguna „við rekumst alls staðar á vegg“. Af henni má draga þá ályktun að ekki hafi að öllu leyti verið auðvelt að komast að þessari niðurstöðu. Að það þurfi nauðsynlega að stækka bílastæðið í Landmanna­laugum og væntanlega verið margar skoðanir á því máli og margir sem ekki voru fylgjandi þessari miklu röskun á friðlandinu. Sem betur fer eru mjög margir Íslendingar fylgjandi náttúruvernd og sjá hættuna í því að auðvelda um of aðgengi að náttúruvernum á hálendinu, sem eykur ánföslu og álag á viðkvæmum svæðum. Svo er þetta líka þjóðlenda eða friðland sem auðvitað á að taka mikið tillit til.



Kristján Baldursson

Svo yfirlýsingin „þrýstihópar hafa óeðlilega mikil áhrif“. Þetta er athyglisverð full­yrðing. Er eitthvað óeðlilegt við að vilja berjast fyrir náttúruvernd? Ef hér er átt við þrýstihóp um náttúruvernd þá finnst mér mjög jákvætt að tekið hefur verið tillit til þeirra sjónarmiða af forsætisráðuneytinu, sem hefur síðasta orðið

» Það er víðtæk samstaða um að vernda helstu náttúruperlur landsins. Verðmætin í ósnortinni náttúru eru ómetanleg.

um framkvæmdir á þjóðlendum.

Síðan kemur yfirlýsingin „best að hætta þessu brölti“. Já, það væri sannarlega best að hætta algerlega við risaframkvæmdir á friðlandinu í Landmanna­laugum.

Öllu valdi fylgir ábyrgð. Rangárþing ytra hefur sem sveitarfélag skipulagsvald í Landmanna­laugum, en svona mál eiga ekki bara að vera einkamál eins fámenns sveitarfélags heldur allrar þjóðarinnar. Það er víðtæk samstaða um að vernda helstu náttúruperlur landsins. Verðmætin í ósnortinni náttúru eru ómetanleg.

Höfundur er tæknifræðingur og eldri borgari.





# Aftur hefur verið sótt um leyfi fyrir Hvammsvirkjun

● Landsvirkjun stefnir á að hefja framkvæmdir á næsta ári

Sigurður Bogi Sævarsson  
sbs@rmb.is

Landsvirkjun hefur sent Umhverfisstofnun umsókn um breytingu á svaðnefndu vatnshloti vegna byggingar Hvammsvirkjunar í Þjórsá. Sem kunnugt er lá virkjunarleyfi fyrir í sumar þegar úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála felldi leyfið úr gildi með vísan til þess að Orkustofnun hefði ekki gætt nægilega vel að því tryggja að útgáfa virkjunarleyfis væri í samræmi við stefnumörkun um vatnsvernd.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hafði þegar þarna var komið sögu tekið ákvörðun um veitingu framkvæmdaleyfis vegna virkjunarinnar og var beðið hins sama frá Rangárþingi ytra. Síðarnefnda sveitarfélagið frest-



**Þjórsá Fyrirhuguð virkjun eins og hönnuðir sjá mannvirkíð fyrir sér.**

aði ákvörðun um framkvæmdaleyfi þegar virkjunarleyfið var fellt úr gildi.

Umhverfisstofnun hefur umsókn Landsvirkjunar nú til meðferðar, að henni lokinni mun Orkustofnun fara

yfir uppfærð gögn málsins og tryggja að endurúttefið virkjunarleyfi sé í samræmi við ákvæði laga um stjórn vatnamála.

„Við vitum ekki hversu langan tíma þetta tekur hjá stofnununum sem hafa með þetta að gera, en reiknum með í okkar áætlunum að alls teffi úrskurðurinn framkvæmdir um eitt ár. Samkvæmt því getum við farið í útboð næsta vor og hafið framkvæmdir um sumarið,“ segir Þóra Arnórsdóttir, forstöðumaður samskipta hjá Landsvirkjun.

Hvammsvirkjun verður með allt að 95 MW framleiðslugetu og er ein þriggja virkjana sem teiknað hefur verið upp að verða í neðri hluta Þjórsár. Fram hefur komið að þegar öll leyfi eru fengin taki það um fjögur ár að bjóða út framkvæmdir og virkja.



# Kjörbúðin áfram á Hellu

Engin óvissa er um framtíð Kjörbúðarinnar á Hellu, að sögn Gunnars Egils Sigurðssonar, forstjóra Samkaupa, sem rekur verslunina.

„Rekstrarkostnaður er að aukast gríðarlega mikið í okkar rekstri og allt þetta ár hefur okkar starfsfólk unnið frábært starf í kostnaðarahlaldi sem hefur orðið til þess að við höfum ekki hækkað útsöluverði í takt við hækkun innkaupsverða. Verðbreytingar birgja og framleiðenda eru fordæmalausar og höfum við móttengið tæplega 600 tilkynningar um verðbreytingar birgja og framleiðenda og flest allar eru það hækkanir,“ segir Gunnar.

Í 16. tbl. Bændablaðsins sagði Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, formaður byggðarráðs Rangárbings ytra, að íbúar kvörtuðu undan háu vöruverði í þessari einu matvöruverslun Hellu. Gunnar Egill segir Kjörbúðina bjóða upp á nauðsynjavörur til heimilisnota sem eru á samkeppnishæfu verði við lágvöruverslanir.

„Þannig hefur Kjörbúðin stuðlað að hagkvæmum innkaupum í dreifðu



Kjörbúðin á Hellu.

Mynd / mhh

byggðum landsins, boðið upp á mikið af góðum tilboðum og vörur í eigin inn flutningi á lægra verði.“ Hann bendir einnig á að hægt sé að fá 2% afslátt af matarkörfunni og aðgang að sértilboðum ef verslað sé í gegnum smáforrit Samkaupa.

Samkaup rekur verslanir Kjörbúðarinnar á sextán stöðum kringum landið. Einnig rekur fyrirtækið dagvöruverslanirnar Nettó, Krambúðina og Iceland. Samkaup keypti rekstur og starfsemi verslunar Krónunnar á Hellu árið 2021 en Krónunni bar að selja verslunina vegna mikils markaðsstyrks á svæðinu og í því skyni að efla samkeppni á dagvörumarkaði skv. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins árið 2019.

/ghp

v

a

- f

Fjal  
nálæ





Verðlaunahrútarnir, þrír efstu. Efstur stóð svartbotnóttur lambhrútur frá Austvaðsholti, þá svartgolsóttur frá Árbæ og loks kolsvartur frá Köldukinn. Þau sem halda í eru: Viktor í Selási, Ólafur í Árbæ og Valería á Hellu.



Litfigurstu lömbin samkvæmt kjöri sýningargesta, þrjú efstu. Efst stóð gráfelfjargimbur frá Köldukinn, þá gráflekkótt baugótt gimbur frá Selási og loks grábotnótt gimbur frá Skarði. Þau sem halda í eru: Hákon í Selási, Lýsa í Köldukinn og Sumarliði í Skarði.



Ær með afkvæmum frá Húsagarði og gamalreynt fólk við sýningar, Markús, Sveinn Bjarki og Dýrfinna í Húsagarði. Myndir / Páll Imsland

## Fjárræktarfélagið Litur:

# Sauðalítasýning

Sunnudaginn fyrsta þessa mánaðar fór fram árleg sauðalítasýning Fjárræktarfélagsins Litur í Holta- og Landsveit, sem nú er hluti af Rangárþingi ytra. Sýningin var haldin í Árbæjarháleigu og var fjölsótt að vanda.

Hún tókst hið besta undir stjórn formanns félagsins, Guðlaugs Kristmundssonar á Lækjarbotnum, og var rekin áfram af dugnaði kynnisins, Kristins Guðnasonar í Árbæjarháleigu.

Félag þetta eiga bændur og annað sauðalítaáhugafólk í uppsveitum Rangárþings með sér og hafa átt í meira en 20 ár. Félagið var stofnað 12.12.2002 að undirlagi Guðlaugs í Lækjarbotnum og taldi í upphafi um 25 féлага. Félagið hefur haldið sýningar síðan árið 2005, en þá var fyrsta sýningin haldin í Flagbjarnarholti og dómari var Jón Sigurðsson frá Úthlíð. Markmið félagsins var að



Páll Imsland.

bæta og efla ræktun á mislitu fé og skemmta sér yfir umræðu um fé og fjárliti. Þetta hefur fyrir löngu tekist svo vel að mislitt fé á þessum slóðum er nú enginn eftirbátur þegar kemur að samanburði við annað fé og litaaudgin er ótrúleg. Þarna má finna alla liti og litaafbrigði og alls kyns litmynstur sem þekkjast í íslenska sauðfjárstofninum, nema hinn nýtilkomna úlfgráa lit sem var að uppgötvast austur á Hlíð í Lóni.

A sýningunni er féð dæmt fyrir bæði hefðbundin fjárgæði, eins og á hinum vinsælu og frægu hrútasýningum, og eins fyrir feldinn og litinn.

Dómar fara fram í þrem flokkum. Fyrst eru dæmdar lambgimbrar,

því næst lambhrútar og loks ær með afkvæmum. Þrjátíu og níu gimbrar mættu til dóms, átján hrútar og eitthvað innan við 10 ær með afkvæmum. Vart þarf að taka fram að eðli málsins samkvæmt gætti þarna allra lita nema hvíts.

Dómarar voru Lárus Birgisson, ráðunautur í Borgarnesi, og Vignir Siggeirsson í Hemlu og ritari þeirra var Lovísa Herborg Ragnarsdóttir í Hemlu og fórust þeim störfin fagmannlega. Í mati á lambhrútum og gimbrum vegur litur 50% á móti skrokkgerð en í tilvikum á með afkvæmum vegur liturinn aðeins meira, eða 60%.

Auk hinnar almennu sýningar og dóma voru sett sér í dilk allmörg lömb í skemmtilegum eða athyglisverðum litum og litmynstrum og áhorfendum gefinn kostur á að velja litfigursta lambið. Auk þess voru sýnd nokkur feldlömb. Feldfé kallast fé með



Verðlaunagimbrarnar, fjórar efstu. Efst stóð morgrá golsbotnótt gimbur frá Skarði, þá svört gimbur frá Skarði og í þriðja sæti var grá gimbur frá Árbæ og loks grábaugótt gimbur frá Austvaðsholti. Þau sem halda í eru talið frá vinstri: Jens í Stóra-Klofa, Anna Sigríður og Berglind í Skarði, Guðmundur í Árbæ og Viktor í Selási.

ullarafrígi sem er sérlega mjúkt og hrokkið og er ræktað á allmörgum bæjum sérstaklega vegna þessara eiginleika. Af feldfé er bæði notuð ull og gætur.

Félag þetta er ekki fjárglæfráfélag þó það snúist um fé og félagsgjöld eru engin. Árlegri fjárþörf félagsins

er haldið uppi með því fé sem fæst fyrir efnilega og fallega lífgimbur sem einhver félagsmanna leggur til og er boðin upp í lok samkomunnar.

Páll Imsland, jarðfræðingur & áhugamaður um íslenska húsdýrastofna.



Kristinn í Árbæjarháleigu, kynnir, og Lárus Birgisson og Vignir Siggeirsson, dómarar sýningarinnar að störfum.



Hér sést Mormaga með báðar morgráa golsóttu dætur sínar haustið 2018.





Ærin sem hlaut fyrstu verðlaun í flokki áa með afkvæmum var Morgundís frá Skarði. Lömbin hennar eru ljós grábotnóttur hrútur, grágolsótt gimbur og dökkgrá botnótt gimbur, sem einnig varð í þriðja sæti fyrir litfegurð. Lömbin eru undan hrútnum Seranó frá Skarði sem er grábotnóttur. Morgundís gekk í heimahögum í sumar með öll lömbin sín og skilaði þeim bráðfallestum og sælum. Þau sem halda í eru öll frá Skarði, Erlendur bóndi og börn hans þrjú, Helga Fjóra, Anna Sigríður og Sumarliði.



Móðir Morgundísar, Mormaga frá Skarði, með Morgundís og systur hennar tvær undan Litningi var í verðlaunasæti á sýningu félagsins árið 2018. Mormaga lengst til vinstri, þá Sumarliða, Morgundís og loks Gráfíkja. Þeir sem halda í eru: Jens í Stóra-Klofa, Sumarliði í Skarði, Einar Grétar á Hvolsvelli og Eiður í Hrólfsstaðahelli.



Morgundís frá Skarði er hér nýfædd með móður sinni, Mormögu, og systur sínum tveim, Sumarliðu og Gráfíkju. Mormaga gekk í heimahögum um sumarið með báðar morgosóttu dætur sínar en morgráa systirinn, Gráfíkja, var vanin undir aðra á og fór á fjall. Faðir þessara þrilembinga var Litningur frá Hellu.





Töfraspotar Melta

# Ást á lífrænu sorpi varð að hringrásarlausn

**Björk Brynjarsdóttir**, stofnandi og framkvæmdastjóri Meltu, elskar lífrænt sorp. Hún ætlast ekki til að öll geri það en hún, ásamt **Juliu Miriam Brenner**, hafa skapað hringrásarlausn fyrir dreifbýl sveitarfélög með því að brugga næringarríka meltu úr lífrænum heimilisúrgangi.

**Erla María Markúsdóttir**  
erlamaria@heimildin.is

Melta er heildstætt flokkunarkerfi sem hefst hjá íbúum sem jarðgera lífrænan úrgang með japanskri aðferð, bokashi, þar sem úrgangurinn er gerjaður við loftfirrðar aðstæður og lýkur þegar næringunni er skilað í moldina í formi áburðar. Julia Miriam Brenner og Björk Brynjarsdóttir standa á bak við Meltu.

En hvað er ólíkt með bokashi og hefðbundinni jarðgerð?

„Í bokashi-ferlinu er ekkert loft og það er hraðvirkara og þú blandar

örverublöndu við,“ segir Björk.

Hefðbundin jarðgerð krefst ákveðins hlutfalls af kolefnis- og köfnunarefnisríkum hráefnum til að virkja ákveðnar örverur á ákveðnum stigum til að brjóta niður lífræna hráefnið. Bokashi er meira „eins og að búa til súrkál úr lífrænu hráefni,“ að sögn Bjarkar. Að gerjun lokinni er úrganginum dreift í jarðveginn.

„Moldin er meltingarvegur jarðarinnar, hún þarf alveg jafn mikið á því að halda og við að fá súrkál í sína bakteríuflóru,“ segir Björk.

## Blanda af hugrekki og fífldirfsku

Björk og Julia vildu taka Meltu skrefi lengra og aðlöguðu bokashi-



▲ Melta Hrefna Björg Gylfadóttir, nýjasti liðsauki Meltu, ásamt stofnendunum, Juliu Miriam Brenner og Björk Brynjarsdóttur. Nýverið hlutu þær styrk frá Hönnunarsjóði sem mun nýtast vel til að halda hugmyndafræði Meltu áfram. MYND: AÐSEND

gerjunina þannig að hún hentar dreifbýlum sveitarfélögum. Björk var 24 ára þegar hún mætti á bæjarstjórnarskrifstofu Rangárbings ytra og bar upp erindi sitt við Ágúst Sigurðsson sveitarstjóra. Hún hefur engin tengsl við sveitarfélagið. En einhvers staðar þurfti að byrja. „Þetta voru stór áform. Við erum tvær ungar konur í iðnaði sem er karllægur og við erum líka langt undir meðalaldri. Það er eiginlega ótrúlegt að Rangárvallasýsla tók

## Ég er ekki að búast við að fólk fari að elska lífræna sorpið eins og ég

mark á okkur og gaf okkur þetta tækifæri. Það hefði verið rosa auðvelt að sýna þessu engan áhuga.“

Aðspurð hvort hún hafi verið full sjálfstrausts í ferlinu segir Björk: „Hugrekki eða kannski fífldirfska? Ég brenn fyrir þessu og langaði að gera vel. Það er svo ótrúlega spennandi með lífræna úrganginn, hann er svo ótrúlega verðmætur.“ Úr varð tilraunaverkefni, hringrásarlausn fyrir lífrænan heimilisúrgang, þar sem íbúar í Rangárvallasýslu tóku þátt í heimaflokkun. Mælanlegur árangur varð af verkefninu, 3,6 tonn söfnuðust og magn ólífrænna efna var langt undir Evrópuviðmiðum, aðeins 0,06 prósent.

## Opna, fylla, úða, loka

Björk lýsir flokkunarferlinu sem „opna, fylla, úða, loka“. „Fólk er með loftbygðar fötur heima hjá sér og fær úðabrúsa með þessari góðgerlablöndu í. Fötunni er alltaf haldið lokaðri, þá ertu ekki að fá neina slæma lykt en sömuleiðis ertu að búa til aðstæður sem örverublöndu okkar vill vera í. Við mælum með að fólk safni í skál yfir daginn og bæti í fótuna einu sinni á dag þannig að við séum ekki að hleypa of miklu lofti inn í ferlið, og í hvert skipti sem það bætir í spreijar það góðgerlum yfir og lokar aftur. Fólk er ekki að fara strax út með ruslið, það eru engir lekandi pokar, það er engin ógeðsleg lykt inni í eldhúsinu þínu.“

Sveitarfélög hafa lögbundna skyldu til að sinna sorphirðu. „Ef við ætlum að hafa alvöru áhrif þurfum við að búa eitthvað til sem „meikar sens“ fyrir sveitarfélög. Síðan 2020 höfum við, hægt og rólega, verið að prófa okkur áfram þar sem þetta er svo ótrúlega ný aðferð. Það er ekki til regluverk um hana þannig við höfum verið að finna út hvernig við tryggjum öryggi og að næring skili sér og höfum við verið að gera það í samstarfi við Rangárvallasýslu og íbúa þar,“ segir Björk.

Melta fékk nýverið rannsóknar- og þróunarstyrk frá Hönnunarsjóði og mun styrkurinn fara í að hanna nýjan flokkunar- og söfnunarbúnað sem mun bæta gæði og upplifun af lífrænni flokkun, eyða

lyktarmengun, koma í veg fyrir maðka og önnur meindýr í lífræna sorpinu sem fellur til á heimilum og gera sveitarfélögum kleift að safna lífrænu hráefni sjaldnar en tíðkast í dag.

## Fókus á dreifbýli

Innleiðing á sameiginlegu flokkunarkerfi á stór- höfuðborgarsvæðinu lauk í sumar og er lífræn flokkun nú orðin hluti af daglegum heimilisstörfum. Lífræni úrgangurinn er sóttur á nokkurra vikna fresti og hefur það skapað heitar umræður í hverfishópum á Facebook þar sem lifur, maðkar og aðrar verur koma við sögu. Eitt af markmiðum Meltu er að tryggja lyktarmengun og tryggja þannig í leiðinni að hægt verði að hirða lífrænan úrgang sjaldnar.

En sér Melta fyrir sér að koma inn í flokkunarkerfið á höfuðborgarsvæðinu?

„Einn daginn þá mögulega gætum við gert það en við erum ekki á þeim stað eins og er. Við vorum að fá styrk frá Hönnunarsjóði til þess að prófa búnað sem er byggður á því hvernig við höfum unnið í Rangárvallasýslu, sem hjálpar okkur að viðhalda hráefninu á góðan hátt og komið í veg fyrir lyktarmengun og maðka en engu að síður safnað á sex vikna fresti sem er þá 70 prósent sjaldnar en ella. En við erum ekki komnar þangað enn þá,“ segir Björk.

Viðbrögð íbúa í Rangárvallasýslu hafa verið góð. „Við höfum fengið óháða aðila til að taka notendaviðtöl við íbúa sem hafa verið að flokka eftir okkar kerfi. Það hefur verið að sýna sig að það sem fólk er sérstaklega ánægt með er að þetta er einfalt, þetta er lyktarlaust, þetta krefst minni þrifa og viðhalds, fækkar ferðum út með ruslið og það þarf ekki að dýla við maðka og ógeð. Sumir hafa gengið svo langt að segja að þeim þyki vænt um lífræna hráefnið. Ég er samt ekki að búast við að fólk fari að elska lífræna sorpið eins og ég geri,“ segir Björk og hlær. „En fólk talar um hvað þetta er hentugt og einfalt.“

Dreifbýl sveitarfélög verða áfram fókuspunktur Meltu. „Það væri að sjálfsögðu ótrúlega gaman að geta veitt þessa þjónustu í Reykjavík. Úrgangsmálin eru fjölbreytt. Loftslagsbreytingar eru hnatttrænt vandamál en lausnirnar eru staðbundnar. Það er ótrúlega mikilvægt að huga að jarðveginum okkar, bæði hvað varðar kolefnisbindingu og fjölbreytileika. Því betri sem jarðvegurinn okkar er, því betri erum við búin undir flóð og þurrka. En markmið okkar í dag er að vera fyrsti valkostur fyrir dreifbýl sveitarfélög.“ ■





# Nýtt íþróttavallarsvæði í undirbúningi

## ÚR BÆJARLÍFINU

Óli Már Aronsson  
Hellu



**Reykjagarður** kjúklingsláturhús er með á dagskrá að stækka við sig húsnæði á Hellu, en þeir eru með vilyrði fyrir lóðunum næst sér. Að sögn Guðmundar Svavarssonar framkvæmdastjóra standa yfir framkvæmdir við frárennislagnir og plön og keyptur hefur verið nýr vélbúnaður fyrir yfir 10 milljónir króna. Vonast er til að hægt verði að stækka húsnæðið og auka starfsemi-ina innan tíðar.

**Nú er á lokametrunum** vinna við hönnun á framtíðaríþróttavallarsvæði á Hellu. Sveitarfélagið leitaði til Hermans Ólafssonar landslagsarkitekts sem hefur unnið drög að nýju svæði. Þar er m.a. gert ráð fyrir fjölnota íþróttahúsi auk þess sem fyrirhugað er að koma upp gervigrasvelli. Öll þessi vinna hefur verið unnin í góðri samvinnu við hagsmunaaðila eins og Umf. Heklu og KFR. Forsvarsmenn sveitarfélagsins vonast til að hægt verði að kynna endanlega tillögu á næstu vikum.

**Umf. Hekla** hefur lagt inn umsókn til Ungmennafélags Íslands um að fá að halda landsmót 50 plús árið 2025.

**Nú er verið** að ljúka við lagningu fyrsta áfanga nýrrar kaldvatnsleiðslu sem liggur frá Suðurlandsvegi niður að Djúpós og á að



Viðbygging Nýja viðbyggingin við Grunnskólann á Hellu kemur vel út en hún var tekin í notkun í haust við mikla ánægju kennara og nemenda.

Morgunblaðið/Óli Már Aronsson

tryggja vatnsöryggi til framtíðar, m.a. í Þykkvabænum.

**Byggðaráð** Rangárþings ytra hefur samþykkt að öll bankaviðskipti sveitarfélagsins verði færð til Landsbankans á Hvolsvelli vegna skertrar og minnkandi þjónustu Arion banka á Hellu.

**Ráðinn hefur** verið byggðarþróunarfulltrúi fyrir sveitarfélögin Rangárþing ytra, Ásahrepp og Rangárþing eystra auk þess sem SASS er aðili að starfsmanninum. Stefán Friðrik Friðriksson var ráðinn í stöðuna.

**Sveitarfélagið** hefur verið í samtali undanfarið við Haga og Olís um uppbyggingu á lóðinni Suðurlandsvegi 2-4 sem er í eigu Haga. Hafa þeir sýnt áhuga á uppbyggingu á þjónustu sem tengist auknum ferðamannastraumi. Samkvæmt upplýsingum frá forsvarsmönnum sveitarfélagsins verður framhaldsfundur vegna þessara mála haldinn í komandi viku.

**Þann 25. nóvember** nk. verður kaffisamsæti fyrir eldri borgara en það var haldið fyrst í fyrra og á að vera árlegur viðburður. Nú í ár verður sú nýbreytni að valinn verður „samborgari ársins“ en þá verður einstaklingi úr sveitarfélaginu veitt viðurkenning fyrir framúrskarandi störf fyrir samfélagið í Rangárþingi ytra. Leitað verður til íbúa varðandi tilnefningar. Berglind Kristinsdóttir

formaður menningarmálanefndar heldur utan um verkefnið.

**Fyrsti áfangi** viðbyggingar við Grunnskólann á Hellu var tekinn í notkun nú í haust, við mikla ánægju kennara og nemenda, en það á eftir að vígja húsið formlega, stefnt er að því seinna í haust. Kostnaður er innan áætlunar.

**Gerð göngubrúar** utan á akstursbrúna yfir Ytri-Rangá gengur vel og byrjað verður á hjólastíg í framhaldi af því áleiðis á Hvolsvöll, en samningar við meirihluta landeigenda um þá framkvæmd eru í höfn.

**Varðandi** trjáplöntuverkefnið sem sagt var frá í síðasta bæjarlífi héðan var auglýst land upp við Gunnarsholt til leigu. Þessir aðilar voru þeir einu sem sóttu um og eru þessa dagana að klára samningaviðræður við Fjárörslu ríkiseigna um langtímaleigusamning til ræktunar og reksturs.

**Nýlega voru** endurreistar tvær vindmyllur við jaðar þéttbýliskjarnans í Þykkvabæ. Málið hefur verið umdeilt meðal íbúa og sýndi nýleg viðhorfskönnun, sem sveitarfélagið lét framkvæma, að um tvöfalt fleiri íbúar innan fimm kílómetra frá vindmyllunum eru andvígir en þeir sem eru hlynntir. Upphaflega var málið kynnt á þann hátt að um væri að ræða sérstakt orkuöflunarverkefni til stuðnings við atvinnulíf í Þykkvabæ, en af því varð ekki.





# Uppbygging á Hvolsvelli

Mjög mikið er að gerast í uppbyggingu í kringum ferðaþjónustu í Rangárþingi ytra, bæði hjá litlum aðilum og stórum.

„Það virðist ekki vera neitt lát á uppbyggingu hjá okkur, alls staðar er verið að byggja og byggja. Núna eru til dæmis 74 íbúðir í byggingu á Hvolsvelli. Hinar 23 eru í byggingu í pósthúsi 861, það er að segja í Fljótshlíð, Landeyjum og undir Eyjafjöllum,“ segir Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri Rangárþings ytra, aðspurður hvort það hafi hægst eitthvað á byggingaframkvæmdum í sveitarfélaginu vegna hárrar verðbólgu og vaxta.

„Við erum að fara að opna á lóðaumsóknir í þriðja áfanga Hallgerðartúns á Hvolsvelli sem eru par-, rað- og fjölbýlishúsalóðir, alls 32 íbúðir,“ segir Anton enn fremur.

En hvaða fólk er aðallega að flytja í sveitarfélagið?

„Það er alls konar fólk að byggja hjá okkur, til dæmis ungt fólk sem hefur verið í minni íbúðum er að stækka við sig og eldra fólk sem er að byggja sér hentugra og viðhaldsminna húsnæði. Svo alls konar fólk sem flytur til okkar til þess að sinna sínum störfum í ferðaþjónustu, skólaföngunum og annarri þjónustu. Leigumarkaður á Hvolsvelli er mjög lítil eða enginn og þar er verulegur skortur. Við vonumst til að sú uppbygging sem er hafin og er í kortunum leysi það að einhverju leyti,“ segir Anton Kári.

„Það er mest megnis í dreifbýli, en þar eru áætlanir um talsverða uppbyggingu eins og nokkur stór hótél og gríðarlega flott spa. Einnig eru minni aðilar í uppbyggingu smáhýsa og fleira. Talsverð plön eru líka í gangi á Hvolsvelli, t.d. fyrsti áfangi 200 herbergja hótels sem verður staðsett við LAVA og svo er líka að fara í gang núna á næstu dögum uppbygging á miðbæjarreitnum okkar, en þar verða íbúðir í bland við verslun og þjónustu,“ segir Anton Kári og telur þróunina mjög ánægjulega og góða fyrir sveitarfélagið.



Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri Rangárþings ytra, getur ekki verið annað en ánægður með þá miklu uppbyggingu sem á sér stað í sveitarfélaginu. Mynd/MHH

„Að vísu kallar það að sjálfsgöðu á að okkar innviðir ráði við fjölgunina, sem við gerum nú þegar með nægu leikskólaplássi, skólaplássi og góðu úrvali af verslun og þjónustu.“  
/MHH





Morgunblaðið, 06.11.2023, síðu 8.  
grein stærð: 143.37 sm<sup>2</sup>  
grein hæð: 6.94 sm

# Göngubrú á Ytri-Rangá við Helli

● Tenging við Bjargstún ● Framhaldið er hjólastígur alla leið austur á Hvolsvöll

Sigurður Bogi Sævarsson  
sbs@mbl.is

Um þessar mundir standa yfir framkvæmdir á Helli við uppsetningu á göngubrú yfir Ytri-Rangá. Sú er úr forsmíðuðum stálbitum og er utánaliggjandi á akbrúnni yfir ána sem er 84 metra löng og var byggð um 1960. Vegagerðin hefur þessa framkvæmd með höndum, en henni er ætlað að

greiða leið gangandi og hjólandi fólks um þessar slóðir. Þetta tengist svo því að ráðgert er á næstu árum að útbúa hjólastíg milli Helli og Hvolsvallar en þar á milli eru um það bil 10 kílómetrar.

Annað göngubrúnni viðvíkjandi er að nú er verið að færa mörk byggðarinnar á Helli út. Vestan Ytri-Rangár og norðan Þjóðvegarsins þegar komið er að Rangárbrúnni úr vestri heitir




Morgunblaðið/Sigurður Bogi

**Tenging Bitar á brúnni sem hér sjást munu bera göngubrúna uppi.**


Bjargstún. Á þeim reit, sem er í eigu sveitarfélagsins, Rangárþings ytra, hefur nú verið unnið deiliskipulag fyrir stærri gerð íbúðarhúsa, en margir hafa leitað eftir lóðum af þeirri stærð á svæðinu og litið til þessa staðar. Því kalli er nú svarað með skipulagsvinnu og öðrum undirbúningi.

Reiknað er með að í hverfinu á Bjargstúni verði um 250 íbúar sem aftur kallar á góða tengingu við aðra byggð á Helli, austan ár, þar sem eru fyrirtæki, verslanir, skóli og þjónustustofnanir – í raun hjarta byggðarinnar.









# Fyrirmyndarfyrirtæki Í REKSTRI *eftir byggðarlögum*



# Methækkun á verði sumarhúsa

Fermetraverð á sumarhúsum hér á landi hækkaði um 42% á síðasta ári og var þetta nærri því tvöfalt meiri hækkun en í fyrra metinu árið 2007. Hækkunin í fyrra var tvöfalt meiri en hækkun á verði íbúðahúsnæðis á síðasta ári sem var 21%. Þessa miklu hækkingu má rekja til heimsfaraldursins og lágra vaxta en heimsfaraldurinn færði eftirspurn eftir ferðalögum inn í landið.

Gústaf Steingrímsson  
gustaf@vb.is



Meðalfermetraverð á sumarhústöðum á landinu hefur verið að meðaltali 520 þúsund krónur á þessu ári en meðalstærð hústaða sem skiptu um hendur á árinu var 72,5 fermetrar. Meðalkaupverð var því tæplega 38 milljónir króna í 271 viðskiptum.

Heildarveltan var því 10,3 milljarðar króna. Horfa verður til þess að mjög fá viðskipti hafa verið á sumum svæðum og stundum hefur einungis eitt sumarhús skipt um hendur á öllu þessu ári. Það þarf því að taka tölunum með ákveðnum fyrirvara.


## Hæsta verðið á Akureyri

Hæsta verðið á þessu ári var á Akureyri eða 698 þúsund krónur á fermetrann. Þessi tala kann hins vegar að vera lituð af því að skráning á því hvort um sé að ræða sumarhús eða íbúðarhús er stundum ábótavant. Eignin getur verið skráð sem sumarhús en er notuð sem íbúðarhús. Þetta á sérstaklega við um eignir sem eru mjög nálægt þéttbýli en t.d. var meðalfermetraverð í Mosfellsbæ, Hafnarfirði og Árborg að meðaltali 829 þúsund en einungis fimm viðskipti eru á bak við það verð. Hér var því litið framhjá Mosfellsbæ, Hafnarfirði og Árborg í samanburðinum.

Næsthæsta verðið var í Húnabyggð eða 687 þúsund en þar eru einungis ein viðskipti á bak við. Næst þar á eftir kemur Hrunamannahreppur með 610 þúsund á fermetrann. Það svæði þar sem viðskiptin eru langmest og því

## Fermetraverð sumarhúsa

— eftir svæðum



Verðþróun á sumarhúsum hefur haft mikla jákvæða fylgni við verðþróun á íbúðarhúsnæði á landinu í gegnum tíðina.

M.MYND/ÓMAR ÓSKARSSON

mest að marka verðið er Grímsnes-og Grafningshreppur en þar var verðið 575 þúsund í 76 viðskiptum. Stór sumarhústaðasvæði þar sem hafa verið heilmikil viðskipti á árinu eru Hvalfjarðarsveit (515 þúsund/fm), Skorradalshreppur (492/fm), Borgarbyggð (488/fm), og Bláskógabyggð (474/fm).

Hækkunin í fyrra var nokkuð breytileg eftir aldri hústaða. Þannig hækkuðu hústaðir sem eru 5 ára eða yngri um 56% eða nokkuð umfram meðaltalið. Minnsta hækkingin var á hústöðum sem eru 11-20 ára gamlir en hún nam 35%. Mesta hækkingin var á hústöðum milli 6-10 ára eða 135%. Gæta þarf þó að því í slíkum

samanburði að verðmyndun á sumarhústöðum er engan veginn jafn áreiðanleg eins og t.d. verðmyndun á íbúðarhúsi á höfuðborgarsvæðinu vegna þess að viðskipti með sumarhús eru mun færri. Villur í skráningu á einstökum viðskiptum hafa mun meiri áhrif í verðmyndun sumarhúsa en íbúðarhúsa.

Verðþróun á sumarhúsum hefur haft mikla jákvæða fylgni við verðþróun á íbúðarhúsnæði á landinu í gegnum tíðina. Ef verðþróun hefur verið jákvæð á íbúðarhúsnæði hefur hún einnig verið jákvæð á sumarhúsum. Að sama skapi hafa fylgst að neikvæð þróun á íbúðarhúsnæði og sumarhúsum.

## Lækkandi vextir og heimsfaraldur eru stærstu áhrifaþættirnir

Það eru fyrst og fremst tveir stórir áhrifaþættir sem leiddu til þessarar miklu hækkingar á verðinu í fyrra. Annars vegar lækkuðu vaxtakjör íbúðalána og hins vegar hafði faraldurinn mikil áhrif til aukinnar eftirspurnar eftir sumarhúsum.

„Eftir að faraldurinn fór á flug fór eftirspurnin eftir sumarhúsum að



Jón Rafn Valdimarsson.

# 42%

Fermetraverð sumarhúsa hækkaði um 42% milli 2021 og 2022.

aukast vegna þess að enginn komst út úr landinu. Meira að segja fólk sem hafði aldrei hugleitt að kaupa sumarhús byrjaði að sýna þessu áhuga. Í kjölfarið hækkuðu sumarhús í verði og í raun má segja að seinna Covid-árið þ.e. 2021 var um tíma mjög litið framboð af húsum sem ýtti verðum upp,“ segir Jón Rafn Valdimarsson fasteignasali í samtali við blaðið. Jón segir að það hafi dregið töluvert úr eftirspurninni eftir því sem fólk fór að geta ferðast meira.

„Ásóknin nú er mikið minni en hún var í faraldrinum og hús seljast ekki jafnvel og áður. Í sumum tilvikum er því um að kenna að seljandi er enn með Covid-verðin ef svo má að orði komast, gefin upp sem söluverð.“

## Ný hús hafa lítil áhrif á verðþróun

• Áhrif nýrra hústaða á fermetraverð hafa verið mjög lítil þrátt fyrir að fermetraverð á nýjum hústöðum hafi yfirleitt verið umtalsvert hærra en gamalla eins og gefur að skilja. Ástæðan fyrir þessu er sú að viðskipti með 0-1 árs gömul sumarhús hafa verið mjög lítil sem hlutfall af heildarfjölda viðskipta. Hlutfall viðskipta með ný sumarhús hafa þannig legið á bilinu 0-3% af heildarfjölda viðskipta frá árinu 2009. Hlutfallið var nokkuð hærra fyrir hrun, en á árunum 2006-2008 var þetta hlutfall á bilinu 9-17% en þá var mikil uppbygging í sumarhúsum hér á landi.





# Vindlundurinn í Búrfellslundi í skipulagsferli

## ● Vindorkuver með 30 vindmyllum á teikniborðinu í Rangárþingi ytra

Kristján Jónsson  
kris@mbl.is

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á sveitarstjórnarfundum á miðvikudaginn að auglýsa breytingar á aðalskipulagi vegna áföorma um vindorkuver ofan Búrfells.



Jón G. Valgeirsson

„Sveitarstjórnin fór yfir fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar sem tók fyrir bæði deiliskipulagstíllögu og aðalskipulagsbreytingu út af vindlundinum. Niðurstaðan var í báðum tilfellum að setja málið í næsta fasa og breytingar á aðalskipulagi verða því auglýstar. Þar stendur til að breyta skógræktar- og landgræðslusvæði í iðnaðarsvæði,“ segir sveitarstjórinn Jón G. Valgeirsson í samtali við Morgunblaðið.

Búrfellslundur var settur í nýtingarflokk í rammaáætlun hinn 15. júní 2022. Í breytingartíllögunni felast áform um nýtt 19 km<sup>2</sup> iðnaðarsvæði fyrir 120 MW vindorkuver með 30 vindmyllum. Iðnaðarsvæðið Yfirfall Sultartangalóns fellur út og skógræktarsvæðið Árskógar minnkar úr 20.736 hekturum í 19.063 hektara ef af verður.

### Bið eftir niðurstöðu starfshóps

Skipulagsstofnun tók málið fyrir í september og Efla skilaði af sér umhverfismatsskýrslu vegna breytinga á aðalskipulaginu seint í síðasta mánuði.

„Skipulagsferli tekur alltaf einhverja mánuði að minnsta kosti en fer einnig eftir því hvernig mál þró-



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

### Vindmylla Til stendur að nota vindstyrkinn til að framleiða orku.

ast. Ekki hafa verið deilur um málið í sjálfu sér innan sveitarfélagsins en mikil umræða hefur verið um orkumannvirki í orkusveitarfélögunum. Ég var til að mynda í starfshópnum hjá samtökum orkusveitarfélaga þar sem settar voru fram tillögur varðandi breytingar á tekjuskiptingu varðandi orkumannvirki. Þar var vitaskuld fleira en vindorka til umræðu,“ segir Jón en starfshópur sem skipaður var um skattlagningu á orkumannvirkjum hefur ekki skilað af sér.

„Við biðum svolítið spennt eftir því að starfshópurinn sem umhverfisráðherra skipaði muni skila af sér. Þetta er flókið mál og maður skilur það en við biðum spennt eftir því að sjá hvað kemur út úr þeirri vinnu,“ segir Jón G. Valgeirsson.



# Hvað eru hellar Ægissíðu gamlir?

## ● Rannsóknin á lokametrinum

Hópur átta bandarískra vísindamanna hefur nýlokið störfum í hellunum Fjósahelli, Hlöðuhelli og Fjárhelli á Ægissíðu í Rangárþingi ytra og er nú haldinn utan til að vinna úr efninu til að aldursgreina hellana og hugsanlega finna þeim stað í landnáms sögu landsins. Borgarbarnið og sagnfræðingurinn Árni Freyr Magnússon tengdist hellunum og þessu verkefni í gegnum ástina.

„Ég er tengdasonurinn í fjölskyldunni og kom að þessu verkefni þegar ég kynntist konunni minni, Álfrúnu Perlu Baldursdóttur. Ég var í sagnfræði í Háskólanum og þegar hún fór að sýna mér hellana fannst mér þeir alveg stórkostlegir og það endaði með að ég skrifaði lokaritgerðina mína um hellana, en niðurstaða mín í ritgerðinni var að það væri mjög erfitt með þeirri tækni sem við höfum á Íslandi.“

Verkefnið var því sett í salt og ákveðið að stofna ferðaþjónustufyrirtæki í lok ársins 2019. „Við náðum góðum 2-3 vikum og svo var þetta bara búið vegna covid,“ segir Árni en bætir við að það sem hafi bjargað þeim hafi verið gríðarlegur áhugi og ferðalög Íslendinga sumarið 2020. „Við tókum á móti þúsundum þetta sumar.“ Í einni heimsókninni gefur

bandarísk kona sig á tal við Árna og segir honum að hún hafi aðgang að tækni í sínum háskóla sem gæti hjálpað við aldursgreininguna og spyr hvort hún megi ekki koma með rannsóknateymi að skoða þetta. Það var auðsótt og afskaplega velkommið.

Árni segir að það sem geri rannsóknina svo spennandi sé að það eru svo margar fræðigreinar sem koma að málinu. Teymið er undir stjórn Lauru Haynes, prófessors í jarðefnafræði, og Elizabeth Lastra, prófessors í listasögu miðalda við háskólann Vassar College í Bandaríkjunum. „Það kemur alveg nýr vinkill að fá jarðfræðina inn í rannsóknina með sagnfræðinni og fornleifafræðinni.“

Teymið byrjaði á að mynda risturnar með RTI-myndatöku, svo hægt sé að kortleggja risturnar og búa til hárnákvæmt þrívíddarkort sem sýnir hellaveggina. „Í næsta skrefi kemur jarðfræðin inn þegar ristur og efnasamskipti steinryks sem er í ristunum er greint. Hægt er að lesa þar ýmsar upplýsingar um gróður- og veðurfar o.fl. sem hjálpar til við að staðsetja ristur hellanna í tíma,“ segir Árni og segir að nú bíði hann spennur eftir niðurstöðunum frá rannsóknateyminu.  
[doraosk@mbl.is](mailto:doraosk@mbl.is)



Fjósahellir Aldursgreining hellanna hefur lengi vakið áhuga vísindamanna.



Rannsókn Vísindamenn að störfum.





Bændablaðið, 30.11.2023, síðu 52.  
grein stærð: 155.89 sm2  
grein hæð: 15.10 sm

**LÍF & STARF**



Berglind Kristinsdóttir, formaður markaðs-, menningar- og jafnréttismálanefndar Rangárþings ytra og Guðni á Þverlæk með viðurkenningarskjalið og blómvönd sem hann fékk.

Mynd / Magnús H. Jóhannsson

## Guðni á Þverlæk heiðraður

Guðni Guðmundsson, bóndi á bænum Þverlæk í Holtum í Rangárþingi ytra, var á dögnum útnefndur Samborgari sveitarfélagsins 2023.

Guðni hefur sýnt ómetanlega elju og dugnað við umhverfisvernd ásamt því að stuðla að jákvæðum samfélagsáhrifum með dýrmætum stuðningi sínum við ungmenna- og íþróttastarf í héraði.

Það hefur hann gert með því að ganga meðfram vegum síðustu ár og tína upp allar dósir og flöskur sem hann sér. Ágóðann hefur hann alltaf látið renna óskiptan til íþróttafélagsins Dímons í sinni sveit.

Þetta er í fyrsta sinn sem þessi viðurkenning er veitt og verður hún nú að árlegum viðburði í sveitarfélaginu hér eftir.

/mhh



# Opnir á sumartíma

● Vegir á Suðrhálendinu verði sumarvegir ● Opnir 5-6 mánuði ● Ekki er gert ráð fyrir þungaflutningum í tillögu

Ólafur E. Jóhannsson  
oej@mbl.is

Gert er ráð fyrir að stofnvegir og tengivegir um Suðrhálendið verði opnir almennri umferð yfir sumartímann, vegirnir verði hóflega uppbyggðir sumarvegir, falli vel að landslagi og ekki hannaðir fyrir vöruflutninga landshluta á milli. Lögð er áhersla á að öll vélknúin umferð verði á skilgreindum vegum og slóðum og göngu-, hjóla- og reiðleiðir verði aðskildar frá meginvegakerfi Suðrhálendisins, eftir því sem kostur er.

Þetta kemur fram í tillögu að svæðisskipulagi fyrir hálendi Suðurlands sem nær yfir Skaftárhrepp, Mýrdalshrepp, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Ásahrepp, Skeiða- og Gnúpverjahrepp, Hrunamannahrepp, Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshrepp.

Tillagan er unnin af svæðisskipulagsnefnd sem skipuð er fulltrúum fyrrgreindra sveitarfélaga.

Stofnvegir á hálendi eru skilgreindir sem vegir sem eru mikilvægir fyrir flutninga og ferðaþjónustu, en tengivegir tengja landsvegir við stofnvegir og eru vegir að þjóðgördum og fjölsóttum ferðamannasvæðum utan þéttbýlis.

Hvað stofnvegi um hálendi Suðurlands varðar er lagt til að þeir verði uppbyggðir og að jafnaði með klæðningu. Vegirnir verði opnir a.m.k. 5-6 mánuði á ári eftir árferði og ekki gert ráð fyrir reglubundinni umferð þungaflutninga um þá. Ár og lækir verði þó brúaðir.

## Fimm stofnvegir um hálendi Suðurlands

Stofnvegir um hálendi Suðurlands eru Kaldadalsvegur norðan Uxahryggjavegar, Kjalvegur, Sprengisandsleið og Fjallabaksleið nyrðri. Þá er Uxahryggjavegur flokkadur sem stofnvegur í byggð en hann hefur verið byggður upp innan þess svæðis sem skipulagstillagan tekur til og lagður bundnu slitlagi. Uppbygging Kjalvegur er hafin, bæði að sunnan- og norðanverðu, og hluti

## Tillaga að svæðisskipulagi fyrir Suðrhálendi



Sprengisandsleiðar hefur verið byggður upp norður fyrir Kvíslaveitu í tengslum við virkjanafurkvæmdir og búið að leggja á hann slitlag að Vatnsfellsvirkjun.

Fjallabaksleið nyrðri er uppbyggð og með bundnu slitlagi frá Sprengisandsleið að Sigölduvirkjun. Eftir það er hún að mestu leyti niðurgráfin eða jöfn landinu umhverfis í hæð. Ekki er gert ráð fyrir að Fjallabaksleið nyrðri verði með klæðningu austan Landmannalauga.

Tengivegir um Suðrhálendi eru Landvegur, Skjaldbreiðarvegur, Kerlingarfjallavegur, Skálpanesvegur, Stangarvegur, Landmannalaugavegur og Emstruleið, að fyrirhugaðri göngubrú á Markarfljóti, gegnt Húsadal. Skipulagstillagan mælir fyrir um að tengivegir verði byggðir lítilla upp úr landinu og helstu ár brúaðar. Þeir verði opnir a.m.k. 4-5 mánuði á ári eftir árferði.

## SKIPULAGSTILLAGAN

## Kyrrlát svæði

Í tillögunni er mælt fyrir um að íbúar og ferðamenn skuli hafa aðgang að „kyrrlátum svæðum“ á Suðrhálendinu til að geta notið þar „náttúrukyrrðar, útivistar og fámennis“, eins og komist er að orði.

Segur í tillögunni að kyrrlát svæði séu alla jafnan án truflunar frá umferð vélknúinna farartækja. Yfirbragð slíkra svæða eigi að vera lítt eða óráskað og náttúrulegt. Gert er ráð fyrir að kyrrdarsvæðin verði a.m.k. 25 ferkílómetrar að stærð.



# Vindorkuáform utan rammaáætlunar

## BAKSVIÐ

Kristján Jónsson  
kris@mbl.is



**S**vo gæti farið að sérstök lög verði sett um nýtingu vindorku á Íslandi og verði vindorkumöguleikar þá ekki hluti af rammaáætlun eins og annað sem fellur undir orkunýtingu.

Áform um lagasetningu er nú að finna í samráðsgátt stjórnvalda þar sem breytingar á lögum að því er varðar málefni vindorku eru lagðar til. Er markmiðið sagt vera að einfalda uppbyggingu vindorkuvera til framleiðslu á grænni orku en um leið að lágmarka umhverfisáhrif.

„Í lögum nr. 48/2011, um verndar- og orkunýtingaráætlun, er kveðið á um að allir virkjunarkostir, 10 MW og stærri, skuli fá umfjöllun í rammaáætlun þar sem þeim er ráðað í orkunýtingarflokk, biðflokk og verndarflokk. Nú hafa nokkrir vindorkukostir fengið meðferð í rammaáætlun og af þeim hafa tveir verið færðir í nýtingarflokk áætlunarinnar. Þrátt fyrir það má færa fyrir því rök að málsmeðferð laganna henti frekar hefðbundnari virkjunarkostum en vindorkukostum. Þessi orkukostur krefst almennt styttri undirbúnings- og framkvæmdatíma en vatnsafls- eða jarðvarmavirkjanir auk þess sem vindorkuver geta haft í för með sér minna óafturkræft rask en hefðbundnari orkukostir sé vel að þeim staðið,“ segir meðal annars í samráðsgáttinni.

## Orkuskiptin kalla á aukna sjálfbæra orkuframleiðslu

Varðandi umhverfisverndar-sjónarmið er nefnt að ein megin-stefna hins opinbera sé að vernda náttúru landsins. Ljóst sé að til að ná fram orkuskiptum þurfi að auka sjálfbæra orkuframleiðslu á landinu án þess þó að ganga um of á náttúru landsins. Framleiðsla á rafmagni með vindorku sé ein þeirra leiða sem hægt sé að nýta í samblandi við hina hefðbundnu orkukosti, vatnsafl og jarðhita, til að ná því markmiði að ekki verði gengið um of á náttúrleg gæði landsins.

Einnig er komið inn á raforkuöryggið og tekið fram að vindorkuver geti risið nánast hvar sem vind



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

## Vindorka Vindmyllur í kartöflubænum Þykkvabæ í Rangárþingi ytra.

er að finna. Geti vindorkuver verið liður í því að bæta og tryggja raforkuöryggi á þeim stöðum þar sem raforka er ekki framleidd með hinum hefðbundnu orkukostum samkvæmt því sem fram kemur í drögum.

Tekið er fram að mikilvægt sé að vindorkuver byggist ekki upp á stöðum þar sem þau þykja ekki æskileg, til dæmis vegna náttúrufars, sjónmengunar eða kostnaðarsamra tenginga við raforkunetið.

## Sérstakt frumvarp mögulega lagt fram auk lagabreytinga

Hægt er að senda inn umsögn í samráðsgátt stjórnvalda og er umsagnarfresturinn til 22. desember. Starfshópur sem skipaður var í fyrra skilaði skýrslu í apríl sem birt var í samráðsgáttinni. Hefur starfshópurinn unnið áfram að málinu en í skipunarbréfinu kemur fram að hópurinn skuli vinna drög að lagafrumvarpi á grundvelli niðurstaðna sinna. Segir í samráðsgáttinni að gera megi ráð fyrir að hann muni skila endanlegum niðurstöðum á næstu vikum.

Talið er að breyta þurfi lögum að öllum líkindum í framhaldi af vinnu starfshópsins. Auk breytinga á lögum gæti verið að sett verði fram sérstakt frumvarp um meðhöndlun vindorku.

## FORSAGA MÁLSINS

## Starfshópur skilaði skýrslu fyrir á árinu

Forsaga málsins er sú að hinn 11. júlí 2022 skipaði umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra sérstakan starfshóp um nýtingu vindorku með það að markmiði að starfshópurinn skyldi leggja fram tillögur um hvernig einfalda mætti uppbyggingu vindorkuvera til framleiðslu á grænni orku hérlendis. Starfshópurinn skilaði af sér stöðuskýrslu „Vindorka – valkostir og greining“ í apríl á þessu ári eða fyrir átta mánuðum.

Í skýrslunni var ekki um eiginlegar tillögur að ræða samkvæmt því sem fram kemur hjá ráðuneytinu, heldur var ákveðið að draga saman helstu álitafni sem komið höfðu upp við vinnu starfshópsins, auk þess sem settir voru fram ýmsir valkostir um hvaða leiðir væru færar til að leysa úr þeim.



Morgunblaðið, 19.12.2023, síðu 6.  
grein stærð: 168,97 sm<sup>2</sup>  
grein hæð: 10,95 sm

# Ólögsmæt aðgerð hjá MAST

## ● Dýrin fjarlægð og felld þegar bóndinn var á sjúkrahúsi

Kristján Jónsson  
kris@mbl.is

Sú ákvörðun Matvælastofnunar (MAST) að vörslusvipta bónda í Rangárþingi ytra búfénaði í byrjun árs og farga honum var talin ólögsmæt samkvæmt úrskurði matvælaráðuneytisins sem kveðinn var upp síðasta föstudag. Upphaf málsins tengdist því að bóndinn, Guðmunda Tyrfingsdóttir, slasaðist og gat ekki sinnt skepnunum um tíma. Hefur hún áratuga reynslu af búskap og verið verðlaunuð fyrir ræktun og umhirðu.

Þegar sú staða kom upp að Guðmunda þurfti að dvelja á sjúkrahafstofnun taldi MAST að ekki yrði hægt að fá aðra til að sjá um búfénaðinn sem samanstóð af fjörutíu ám, tíu nautgripum/kálfum, sex hrossum og

nockrum hænsnfluglum. MAST tók ákvörðun um að vörslusvipta Guðmundu dýrunum og fella þau í beinu framhaldi. Guðmunda þótti að sér vegið af hálfu MAST og fór fram á, með kæru til matvælaráðuneytisins, að ákvörðunin yrði felld úr gildi. Hún byggði mál sitt á því að um ólögsmæta stjórnvaldsaðgerð hefði verið að ræða.

MAST gat samkvæmt úrskurðinum ekki sýnt fram á að reynt hefði verið að fá fólk til að annast búið á meðan Guðmunda væri á sjúkrahúsi en lögmaður Guðmundu birti vitnisburð fjölda fólks sem hefði verið tilbúið að veita aðstoð ef eftir því hefði verið leitað. „Ég er ánægður með niðurstöðuna og forsendur úrskurðarins. Þar er ekki eitt atriði nefnt til rökstuðnings heldur nokkur og úrskurðurinn er því afgerandi. Ekki var farið að lögum um

dýravernd, málsmeðferðarreglur stjórnvísuluga voru ekki virtar og horft var fram hjá upplýsingalögum. Guðmunda er komin á aldur og hefur ætíð farið vel með dýr. Hún átti þessa meðferð ekki skilið,“ segir Sigurður Guðmundsson lögmaður Guðmundu.

Við íþyngjandi stjórnvaldsaðgerðir verður að gera þær kröfur til hins opinbera að farið sé að lögum og málsmeðferðarreglum, að mati Sigurðar

„Guðmunda var svipt dýrum sínum og vinum með ólögsmætri stjórnvaldsákvörðun. Með úrskurðinum er nokkuð ljóst að gamla konan á bótarétt á hendur hinu opinbera. Það sem hana skiptir þó mestu máli er að ráðuneytið sé henni sammála um að MAST hafi með óforsvaranlegum hætti tekið óyndislega ákvörðun er varðaði dýr hennar og vini.“





Morgunblaðið, 23.12.2023, síðu 2.  
grein stærð: 227.99 sm<sup>2</sup>  
grein hæð: 11.04 sm

# Ferlinu ekki endilega lokið

● Umhverfisstofnun hyggst heimila Hvammsvirkjun ● Almannahagsmunir vegi þyngra en umhverfismarkmið ● Málið gæti komið til kasta umhverfisráðherra

Hermann Nökkvi Gunnarsson  
hng@mbl.is

Umhverfisstofnun kynnti í gær áform um að veita heimild til breytinga á svonefndu vatnshloti í Þjórsá 1 vegna 95 MW Hvammsvirkjunar. Þar kemur fram að öll skilyrði séu uppfyllt í samræmi við ákvæði vatnalaga. Í vatnalögum er vatnshlot skilgreint sem eining vatns, t.d. stöðuvatn eða mikið magn vatns á einu svæði.

Í niðurstöðum sínum segir Umhverfisstofnun meðal annars:

„Umhverfisstofnun telur því að tilgangur Hvammsvirkjunar til að tryggja raforkuöryggi varði almannahagsmuni sem vegi þyngra en ávinningur af því að umhverfismarkmið vatnshlotsins sem að framan er lýst náist. Þegar af þessari ástæðu telur



**Orka Framkvæmdir við Hvammsvirkjun gætu hafist næsta vor.**

Umhverfisstofnun að skilyrði b-liðar 2. mgr. séu uppfyllt.“

**Komið að skuldadögum**

„Það er mjög mikilvægt að þetta mál vinnist, að það komist niðurstaða í það. Þannig að ég fagna því að Um-

hverfisstofnun sé búin að afgreiða þetta,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, í samtali við Morgunblaðið.

Hann segir hins vegar að ferlinu sé ekki endilega lokið. Niðurstöður í málinu geta verið kærðar og þá gæti það komið til kasta Guðlaugs sem ráðherra. Þar af leiðandi geti hann ekki tjáð sig efnislega um niðurstöðu Umhverfisstofnunar.

**Mögulega framkvæmt í vor**

Spurður hvort virkjunin verði mikilvægur liður í að tryggja orkuskiptin margumræddu segir hann:

„Það vantar miklu meira en Hvammsvirkjun. Við erum bara komin á þann stað að það er komið að skuldadögum vegna þess að við höfum ekki sinnt þessu máli í 15-20 ár,“ segir hann

og bætir við að mikilvægt sé að hlutir vinnist hratt og örugglega.

Endanleg niðurstaða verður tilkynnt að loknum fresti til athugasemda sem er til 17. janúar 2024. Verði heimildin veitt hefur Orkustofnun umfjöllun um umsókn Landsvirkjunar um virkjunarleyfi fyrir Hvammsvirkjun að nýju.

Stofnuninni ber að taka ákvörðun um útgáfu virkjunarleyfis innan tveggja mánaða frá því öll gögn hafa borist stofnuninni.

„Verði virkjunarleyfið veitt geta sveitarfélögin tvö, Rangárþing ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppur, gefið út framkvæmdaleyfi,“ segir Landsvirkjun á vef sínum um niðurstöðu Umhverfisstofnunar.

„Gangi allt eftir gætu undirbúningsframkvæmdir fyrir Hvammsvirkjun hafist í vor.“



# Skiptar skoðanir á leyfisveitingu

● Afstaða Skeiða- og Gnúpverjahrepps gagnvart Hvammsvirkjun er óbreytt ● Veit ekki hvernig umhverfisnefnd Rangárþings ytra bregst við umsókn um framkvæmdaleyfi ● Engin ákvörðun verið tekin

Hermann Nökkvi Gunnarsson  
hng@mbl.is

Það mun ekki standa á Skeiða- og Gnúpverjahreppi að veita framkvæmdaleyfi fyrir Hvammsvirkjun þegar að því kemur. Þetta segir sveitarstjórinn Haraldur Þór Jónsson í samtali við Morgunblaðið. Hefur sveitarfélagið þegar farið yfir flest gögn frá afgreiðslu síðustu umsóknar, sem var svo felld úr gildi.

„Afstaða okkar hefur ekkert breyst í því máli. Við eigum í raun von á því, þegar Orkustofnun gefur út virkjunarleyfi aftur, að þá í beinu framhaldi fáum við umsókn um framkvæmdaleyfi,“ segir Haraldur.

Umhverfisstofnun hefur kynnt áform um að veita heimild á vatnshloti í Þjórsá 1 vegna 95 MW Hvammsvirkjunar. Endanleg niðurstaða verður tilkynnt að loknum fresti til athugasemda sem er til 17. janú-



Tölvuteikning/Landsvirkjun

**Leyfisveiting Hvammsvirkjun verður efsta virkjunin í neðri hluta Þjórsár. Á tölvuteikningu sjást stífla og lón og stöðvarhúsið á austurbakkanum.**

ar 2024. Verði heimildin veitt hefur Orkustofnun (OS) umfjöllun um umsókn Landsvirkjunar um virkjunarleyfi fyrir Hvammsvirkjun að

nýju. Ef virkjunarleyfi verður veitt taka svo sveitarstjórnir afstöðu til veitingar framkvæmdaleyfis og ef það verður veitt gætu framkvæmdir

hafist næsta vor, að sögn Landsvirkjunar.

„Virkjunarleyfið féll á einu atriði, ekkert annað hefur breyst. Þannig að ég á nú ekki von á því að þetta kalli á stórkostlega yfirferð, að öll sú vinna sem er búin að eiga sér stað verði lögð til grundvallar og svo horfi menn á þessa breytingu og vinni málið í samræmi við það. Þannig að ég geri ráð fyrir að það taki mun styttri tíma að afgreiða þetta,“ segir Haraldur.

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála felldi ákvörðun OS um veitingu virkjunarleyfis úr gildi sl. sumar, en rétt áður en það gerðist hafði sveitarstjórn Rangárþings ytra frestað því að veita framkvæmdaleyfi í ljósi þess að umhverfisnefnd sveitarfélagsins hafði ekki gefið álit sitt á Hvammsvirkjun. Eggert Valur Guðmundsson, oddviti Rangárþings ytra, segir í samtali við Morgunblaðið að engin ákvörðun verði tekin fyrir en

umhverfisnefnd hefur skilað sínu álit. „Við gefum ekki út neitt framkvæmdaleyfi fyrir en umhverfisnefndin okkar er búin að gefa sitt álit, alveg eins og við afgreiddum þetta síðast, og ég á bara von á því að hún taki þetta fyrir fljótlega eftir áramót,“ segir Eggert.

Hann veit ekki hversu langan tíma það muni taka, þegar að því kemur, fyrir umhverfisnefnd að vinna málið og veita sitt álit en segir þó að það séu engin áform uppi um að tefja málið.

Eggert kveðst skynja jákvæðan anda gagnvart Hvammsvirkjun en segir samt sem áður að það séu skiptar skoðanir á henni í sveitarfélaginu.

„Ég veit svo sem ekki hvernig umhverfisnefndin bregst við. Það er fullt af gögnum sem hún þarf að fara yfir varðandi laxastofninn í ánni og fleira og fleira,“ segir hann en bætir við að sveitarstjórnin sé ekki bundin af álitum umhverfisnefndar.